



AÐ KVEDÐJA KÓNG OG PREST

A Kjarvalsstöðum er þessa dagana til sýnis veggfóðrið úr vinnustofu Jóhannesar Kjarvals. Þetta er ekki venjulegt veggfóður eða hversdagsleg „decoration“ eins og við þekkjum úr stofunni heima. Öðru nær, við augum blasir stórbrotin leikmynd, „lifshlaup“ snillingsins, eins og þeir í Klausturhólum hafa nefnt meistara-stykkjó.

Það er lofsvert framtak að halda þessu einstæða listaverki til haga, ómetanleg eign fyrir komandi kynslóðir að sjá hvernig listamaðurinn bjó um sig. Sagt er að tilboð hafi verið gert í „lifshlaupi“ upp á fjórar milljónir nýkróna, og þykir víst engum mikið. Þó er það kaldhæðni örlaganna, að þetta verðmæta veggfóður klæddi vegg vinnustofu listamannsins á þeim tíma þegar Valtýr Pétursson þurfti að lána Kjarval fyrir Vísi!

Annað lifshlaup

En það eru fleiri lifshlaup til. Vísi átti stórfroðlegt og skemmtilegt viðtal við Ólaf Hannibalsson, bónda í Selárdal í síðasta helgarblaði. Hans lifshlaup verður auðvitað ekki nefnt í sömu andrá og meistara Kjarvals og má enginn miskilja það.

Ólafur er ekki merkilegur fyrir listsnilld, þaðan af síður vegna veggfóðurs, en frásögn hans höfðar engu að síður til okkar, hinna óbreyttu borgara, einmitt fyrir þá sök að hann er af okkar saubahúsi. Hann er enn ungur maður, gekk sinn skólaveg, útskrifaðist meira að segja sem hagfræðingur frá erlendum háskólum. Hann gerðist kontóristi í höfuðborginni, lét að sér kveða í pólitíkinni og var orðinn innsti koppur í búri hjá hinum völdugu alþýðusamtökum, ASÍ.

En skyndilega kveður hann kóng og prest og gerist afdalabóndi vestur á fjörðum. Þar býr hann utan við veggi, rafmagn og sjónvarp og hefur einsetu á vetrum. Ekki er þó að merkja að maðurinn sé „skritinn“ eða

sérvitur. Ólafur hefur einfaldlega heimt sína Paradís vestur í Arnarfirði, og leggur meira upp úr fríðsemd einverunnar en asa þéttbýlisins. Hann telur mikilsverðara að vera sálfur með sjálfum sér, heldur en verða mikill af metorðum.

Það mætti margur maðurinn læra nokkuð af þeirri lifsspeki, ekki síst þeir sem halda að hamingjan sé fólgin í hegðomanum. Þeir þora aldrei að fara sínar eigin leiðir, þora aldrei að vera hreinskilnir við sjálfa sig, af ötta við hvað sé „accepterað“ af almenningsálitinu. Slíkt fólk lætur stjórnast af hrænsi, mælir gæfu sína í stöðutáknum og flytur aldrei vestur í Selárdal.

Þrælshald

Iþróttasíðurnar bera okkur þær fréttir, að kunnur íslenskur knattspyrnumaður, sem hefur að atvinnu að leika íþrótt sína í Þýskalandi, hefi verið seldur milli félaga, án þess að hafa sjálfur fengið vitneskju um það. Á sama tíma er okkur einnig sagt að allnokkrir íslenskir knattspyrnumenn hér heima, séu á förum utan, til að skrifa undir samninga við atvinnufélög. Þeir fá að visu tilboð um það sjálfir, en hafa að öðru leyti enga vitneskju um hvað bíður þeirra.

Nú hefur sá sem þetta skrifar síður en svo á móti því, að ungir og snjallir íþróttamenn leggist í viking og leiti sér fjár og frama erlendis. En menn mega ekki láta meðhöndla sig sem þræla eða búa við þau fornaldarkjör að vera keyptir og seldir eins og skynlausar skepnur. Þrælshald hefur verið afnumið með lögum og þau lög ná einnig yfir íþróttirnar.

Fréttastofan

Yfingar hafa átt sér stað milli útvarpsráðsmanna annarsvegar og starfsmanna Ríkisútvarpsins hinsvegar. Af hálfu þeirra sem sitja í útvarpsráði, eru deilur ekki spröttar af fjandskap eða illvilja. Þeir hafa hinsvegar sett fram gagnrýni,

eða réttara sagt, tekið undir gagnrýni á tiltekin atvik í störfum fréttamanna hjá fréttastofu hljóðvarps. Ekki þarf það að koma neinum á óvart. Það er beinlínis verkefni útvarpsráðs að segja lof eða last á dagskrá og flutningi hennar, þótt viðurkenna megi, að meira fari fyrir lastinu og það oft að ósekju.

Fréttamenn útvarpsins eru ekki hafnir yfir gagnrýni og þeim kann að verða á í messunni. Þeir eiga að sýna hlutleysi í starfi og það er vandi að þræða þann hlutleysisveg, ekki síst í landi svo flokkslítabrar afstöðu, sem okkar þjóðfélag er.

Þeir verða að skilja, fréttamennirnir, að þegar þeir eru í formlegum tengslum við stjórnmálaflokka og láta að sér kveða innan þeirra, þá vekur það tortryggni. Stundum og sem betur fer er sú tortryggni ástæðulaus, en hún er til staðar engu að síður. Henni verður heldur ekki eytt, þótt framkvæmdastjórn og starfsmannafélag útvarpsins geri Egilsstaðasamþykktir gegn henni, gegn tortryggninni!

„Lekinn“

Mikillar viðkvæmni hefur

riðstjórnar pistill



Ellert B. Schram
ritstjóri-skrifur

gætt meðal fréttamanna, þegar nokkrir útvarpsráðsmenn minntu á að trúnaðarbrot hefði verið framíð, þegar ummæli Kjartans Jóhannssonar formanns Alþýðuflokksins í einkasamtali við fréttamann „láku út“. Þeir telja það atvinnurög og órókstuddar dylgjur þegar sagt er frá þessum leka og hann talinn ámalisverður.

Þó hafa þessir sömu fréttamenn verið vitni að þeim yfirlýsingum Vilmundar Gylfasonar að hann hafi fyrrnefnt einkasamtal á segulbandsspólu í sínum fórum og upplýst er að samtalið hafi verið spilað fyrir starfsmenn fréttastofunnar. Hvorutvegja liggur fyrir í skriflegum yfirlýsingum fréttamannanna sjálfra. Maður gæti haldið að það stæði heiðri fréttastofunnar nær, að taka undir kröfur um að rannsókn fari fram á „lekanum“, í stað þess að dylgja um það að útvarpsráðsmenn séu ekki starfi sínu vaxnir.

Fréttamenn, sem leggja harðar og áleitnar spurningar fyrir hinn almenna borgara, fréttamenn sem halda uppi óvæginni gagnrýni á menn og málefni, verða að hafa þrek til þess að taka athugasemdum um þeirra eigin störf.

Ög það er varhugaverður hugsunarháttur í meira lagi, sem kemur fram í ályktun starfsmannafélagsins, þess efnis, að útvarpsráð sé til óþurftar fyrir stofnunina. Starfsfólk Ríkisútvarpsins á ekki stofnunina og á að láta af þeim hroka, að telja lýðræðisgjörna stjórn í útvarpinu til óþurftar. Halda þeir virkilega að þjóðin telji hag almennings og stofnunarinnar betur borgið í þeirra eigin höndum? Hvers konar primadonnuleikur er þetta eiginlega?

Farsælast er auðvitað, að útvarpsráð, embættismenn og aðrir starfsmenn Ríkisútvarpsins sameinist um að viðhalda virðingu og trausti þessa áhrifamikla fjölmiðils. Útvarpsráð hefur áreiðanlega fullan vilja og áhuga á góðu samkomulagi í

stað þess að talast við í bókunum og fundarsamþykktum.

Sundurloast samstarf

Kosningaúrslitin í Noregi komu ekki á óvart. Hægri flokknum hafði lengi verið spáð mikilli fylgisaukningu og miðað við þá stemmningu sem flokkurinn hafði með sér, verður að telja útkomu Verkamannaflokksins allsæmilega. Fylgitaþaf jafnaðarmanna var minna en búist hafði verið við. Nú stefnir allt í minnihlutastjórn hægri manna.

Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig þeirri stjórn tekst til. Hægri menn hafa gagnrýnt aukin umsvif ríkisins, miðstýringu og skattþvingu Verkamannaflokksins. Sama var uppi á teningnum, þegar borgaraflokkarnir komust til valda í Svíþjóð fyrir nokkrum árum. Þá átti að hreinsa til eftir sósíaldemokratana, en sú uppstokkun hefur látið á sér standa, ýmsum þar í landi til mikillar skapraunar. Hvort stór orð horskra hægri manna verða að litlum efdum þegar á reynir, verður tíminn að skera úr um, en ef svo fer, gerist sú spurning áleitinn, hvort rétt sé, að munurinn á stjórnmalaflokkunum á Norðurlöndum sé óverulegur þegar til kastanna kemur.

Í því sambandi er það rannsóknarefni, hvernig vinstri flokkur á Íslandi getur starfað með hægri mönnum í ríkisstjórn þennig að ekki falli skuggi á einlægt og snurðulaust samstarf. Er það tilviljun, eða eru þessir stjórnmalamenn, vinstri menn í Alþýðubandalaginu og sjálfstæðismennirnir í ríkisstjórninni allir sama miðjumóðið?

Hugsjónafólkið á vinstri væng Alþýðubandalagsins, jafnt sem aðrir stuðningsmenn stjórnarinnar ættu að gefa sér stund til að ihuga svarið við þessari spurningu. Kannske geta þeir gengið saman í einn „abyrgan“ flokk? Hver veit.

Ellert B. Schram.